

146. löggjafarþing 2016–2017.

Þingskjal 3 — 3. mál.

Umsögn um þingsályktunartillögu um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum.

Samband íslenskra framhaldsskólanema fagnar þingsályktunartillögu Guðjóns S. Brjánssonar, Loga Einarssonar og Oddnýjar G. Harðardóttur um sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum og telur hana gríðarlega mikilvæga fyrir hagsmuni framhaldsskólanema.

Telur stjórn SÍF tillöguna vera í heild sinni afar góða og vel fram setta en vill þó koma með þrjár athugasemdir/tillögur:

1. Að sett verði inn í tillöguna að allir framhaldsskólanemendur skulu hafa sama aðgang að sálfræðingi í sínum skóla, óháð staðsetningu og stærð skólans. Þannig verði sett inn í tillöguna málsgrein þess efnis að hver framhaldsskólanemi hafi greiðan aðgang að sálfræðingi í að minnsta kosti átta skipti sér að kostnaðarlausu.

„Mikilvægt er að jafnræðis nemenda sé gætt þegar kemur að aðgengi að sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, óháð stærð og staðsetningu skólans. Markmið þessarar tillögu er að í byrjun skólaárs 2017–2018 verði tryggt að í öllum framhaldsskólum landsins hafi nemendur aðgang að sálfræðiþjónustu sér að kostnaðarlausu, **minnst átta viðtalstíma hjá sálfræðingi**, til þess að bregðast við því ófremdarástandi sem skortur á faglegri geðheilbrigðisþjónustu hefur í för með sér.“

2. Að árlega verði lögð könnun fyrir notendur sálfræðiþjónustu hvers skóla þar sem ánægja nemenda með viðkomandi sálfræðing verði könnuð. Ef sýnt þykir að ánægja nemenda er undir meðallagi þurfi að fá nýjan sálfræðing í viðkomandi skóla því ljóst er að ókeypis sálfræðiþjónusta gerir lítið gagn (og mögulega illt verra) ef nemendur eru upp til hópa ekki ánægðir með þá þjónustu sem veitt er.

„Til að tryggja megi að sálfræðiþjónustan nýtist nemendum sem skyldi, að draga úr andlegri vanlíðan þeirra, skal leggja fyrir notendur (nemendur) þjónustunnar, könnun ár hvert, þar sem ánægja er metin. Sé ljóst að hún sé undir meðallagi skal nýr sálfræðingur ráðinn til starfa í viðkomandi skóla“

3. Telur stjórn SÍF mikilvægt að fjöldi sálfræðinga hvers skóla ráðist af eftirspurn og tryggja verði að bið eftir viðtalstíma verði aldrei meira en 3 vikur.

„Ráðherra er í tillögunni falið að útfæra það nánar með hvaða hætti þjónustan verði veitt en að miða beri við að einn sálfræðingur í fullu starfi geti sinnt um 700 nemendum en **bið eftir viðtalstíma skuli þó aldrei vera lengri en þrjár vikur**. Ber að miða þjónustupörf fámennari jafnt sem fjölmennari skóla við það hlutfall.